

64

16. des.

7. gr.

Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita, fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. laga þessara hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um það, að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með 1. degi þess mánaðar, er liðnir eru 3 almanaxsmánuðir hið skemmsta frá útgáfudegi þess blaðs Stjórnartíðinda, er fyrirmælin voru birt, nema þau geymi aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944. Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 11 24. ágúst 1877, lög nr. 32 16. nóv. 1907 og lög nr. 35 11. júlí 1911, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

65

16. des.

L Ö G

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. — Ríkisstjóri veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Til veitingar lögreglustjóraembættisins er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála.

2. gr.

Borgardómari fer með einkamál (sbr. þó 4. gr.), þar á meðal formennsku dóma í fasteignamálum, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, og úrskurðun fátækramála.

3. gr.

Borgarfógeti fer með fógetagerðir, uppboð, skiptamál, veðmalabókahald, skráning firma og féлага, mælingu og skráningu skipa, notarialgerðir, yfirfjárráð, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu húsi og alþingiskosningar.

Þinglýsing sú og aflýsing, er í 7. og 13. gr. laga nr. 30 1928 getur, eru afnumdar í Reykjavík, enda hefur greinargerð um skjal í veðmalaskrá sama gildi sem þinglýsing og aflýsing höfðu eftir nefndum lagagreinum. Gera skal vikulega skrá um öll innrituð og aflýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu borgarfógeta næstu viku, enda getur dómsmálaráðherra ákveðið birtingu hennar vikulega í opinberu blaði.

4. gr.

Sakadómari fer með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhúss.

65

16. des.

5. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn (sbr. þó 4. gr.), strandmál, útlendinga-
eftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

6. gr.

Tollstjóri hefur forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkis-
sjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til Tryggingarstofnunar ríkisins, þ. á m.
slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lög-
skráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra
gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

7. gr.

Ráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur
reglugerð um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

8. gr.

Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

9. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu toll-
varða, skil á innheimtufé og innheimtulaun af uppboðsandvirði.

10. gr.

Borgardómari, borgarfégeti, sakadómari, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrj-
unarlaunum 8000 krónur, en launin hækka eftir annað, fjórða og sjötta ár í þessari
röð, um 300 krónur, 300 krónur og 400 krónur, upp í 9000 krónur.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur,
sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir
hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

11. gr.

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma störf
varðandi embættin, eftir því sem nauðsyn krefur.

12. gr.

Með lögum þessum falla eftirtalin lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í
Reykjavík.

Lög nr. 35 2. nóv. 1914, 8. gr., um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lög-
sagnarumdæmi Reykjavíkur; lög nr. 35 20. júní 1923, 1. og 2. gr., um breyting á sömu
lögum, svo og önnur þau ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.